

**20. Bréf domsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi,  
um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu  
1871—72.**

1871.

4. marz.

(Fyrsti kaffi er samhljóða upphafinu á bréfinu næst á undan).

Um leið og vèr bætum því við, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir verið gefin í dag vísbending um þetta efni, leiðum vèr athygli yðar að því, að frá 1. apríl þ. á. á að byggja jarðabókarsjóðs-reikninginn, (o. s. frv. eins og í bréfinu næst á undan til stiptamtanns).

**21. Auglýsing, sem hefir inni að halda áætlun um  
tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá  
1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872.  
(á Íslenzku og Dönsku).**

4. marz.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt í dag allramildilegast að fallast á áætlun þá, sem hér fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872.

**Fyrsti kapítuli.**

**Tekjur.**

**1. gr.**

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872 er ætlazt til, að tekjur Íslands sè 92,832 rd. 21 sk., en þetta fè fast með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

**2. gr.**

Þær tekjur, sem hér skulu taldar, er ætlað að nemi 36,354 rd. 6 sk.: